



Borgarráð


Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Skautahöll í Laugardal - tilv. R20110241

Á fundi borgarráðs 19. nóvember 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra:

Lagt er til að gerð verði ábatagreining á valkostum varðandi áframhaldandi samstarf við Íþróttabandalag Reykjavíkur um rekstur Skautahallarinnar og stækkun hennar. Í kjölfarið verði tekin afstaða til mismunandi leiða og frekar samninga við Íþróttabandalag Reykjavíkur varðandi áframhaldandi rekstur og stækkun Skautahallarinnar í Laugardal.

Hjálagt fylgja hugmyndir Íþróttabandalags Reykjavíkur um stækkun Skautahallar í Laugardal.


Ómar Einarsson.

Borgarstjórinn í Reykjavík

Dagur B. Eggertsson

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Óli Jón Hertevig

Reykjavík 6. júní 2021

Efni: Skautahöllin í Laugardal

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að tillögum um endurbætur og nýframkvæmdir við Skautahöllina í Laugardal. Mikil þörf er á auknum æfingatíma á ís en einnig er komin tími á ýmiskonar viðhald á mannvirkinu. Þá liggja og fyrir óskir um aukna aðstöðu s.s. þrek- og danssali, félagsaðstöðu ásamt því að mögulegt væri að koma fyrir keilusal sem hefur umræða um síðustu misseri.

Vísa í forgangsröðun og framarlega í röðinni

Í meðfylgjandi skýrslu er að finna afrakstur hugmyndavinnu varðandi hvað þurfi að gera og hvernig það gæti mögulega litið út. Hafa ber í huga að þetta er ekki endanleg tillaga að útliti og eins á eftir að leggjast betur yfir ýmis smáatriði varðandi útfærsluna. Helstu þættir eru:

1. Yfirbyggt æfingasvell í rúmlega hálfri stærð miðað við fullt svell. Mögulegt að nýta á sumrin fyrir viðburði s.s. tónleika, leiklist, markaði o.þ.h.
2. Endurnýjun andyris en kominn er tími á að taka það í gegn enda komið til ára sinna.
3. Æfingasalir fyrir æfingar utan íss, þrek- og dansæfingar.
4. Félagsaðstaða s.s. búningsklefar, geymslur og fundar- og skrifstofu aðstaða.
5. Keilusalur er sýndur sem möguleiki í byggingunni.

Í dag eru þrjú félög í Reykjavík með skautaiþróttir á dagskrá og það fjórða á leiðinni. Að auki er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning í báðum þeim skautahöllum sem eru í borginni. Við þessar aðstæður er þröngt um alla og mikill þrýstingur til staðar um aukna aðstöðu. Nýtt svell myndi slá verulega á þennan þrýsting.

Andyri hallarinnar er orðið mjög lúið og þarfnast verulegrar hressingar við. Eins er skipulag þess óheppilegt miðað við æskilegt rennsli gesta í gegnum það. Það væri því mjög til bóta fyrir hinn almenna gest sem og áhorfendur á viðburðum í húsinu að taka andyrið í gegn. Þess ber einnig að geta að aðstaða fyrir fatlaða er ófullnægjandi.

Dans- og þrekæfingar þarf í dag að mestu leyti að leigja í öðrum mannvirkjum í dag. Auk þess er krafa gagnvart alþjóðlegu mótahaldi í listhlaupi að hægt sé að hita upp í hliðarsal. Það myndi því skipta verulega miklu máli fyrir æfingar og keppni í mannvirkinu að fá æfingasali sem og fleiri búningsklefa auk meiri og betri félagsaðstöðu en skortur er á slíkui í mannvirkinu.

Rekstrarnefnd Skautahallarinnar hefur unnið að því að gera þá skýrslu sem fyrir liggur í samstarfi við arkitekt hússins. Einnig hafa félagsmenn í SR fengið tækifæri til að koma með athugasemdir og hugmyndir inn í vinnuna. Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur telur mikilvægt að þessi framkvæmd komist sem fyrst af stað og lýsir yfir vilja til þess að ÍBR haldi áfram rekstri hallarinnar en nú stýttist verulega í að samningur um rekstur hennar renni út.

Lagt er til að farið verði framkvæmdir í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur. Heildarfermetrafjöldi nýbyggingar er 1.960 (þar af 870 fm keilusalur). Gera má ráð fyrir að með endurbótum sem þarf að gera á eldra húsnæði sé heildarkostnaður um 850 milljónir króna (600 millj. án keilusalur).



Ómar Einarsson

Framkvæmdastjóri ÍTR



Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri ÍBR

Afrit: Ámundi V. Brynjólfsson



FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Stækkun og endurbætur á næstu árum

FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Forsendur - hugmyndir að uppbyggingu á næstu árum



A. Anddyri

Afgreiðsla, miðasala fyrir almenning, á viðburði.
Veitingasalur, veitingasala.
Verslun, skautavörur.
Sjálfsafgreiðsla á skautum.
Skerpingar, verkstæði.
Minjar um skautalþróttir, e-ð tengt Skautafélagi Reykjavíkur.

B. Aðstaða fyrir Skautafélagið

Sturtuklefi og WC fyrir nýjasta klerfann eða nýr klefi með öllu tilheyrandi.
Purrklefi fyrir hokkibúnað, ozone skápur
Upphitunarsalur (lágmark 100 m²)
Lyftingarsalur.
Keilusalur, 12 brautir
Geymslur


C. Útisvell

Svell norðan við höllina, þak yfir "pavillion", notað fyrir uppákomur á sumrin.
Tengist inniástöðu með gönguleið frá anddyrinu.

FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Afstöðumynd 1:500

Tillaga **F**




FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Grunnmynd 1.hæðar

Tillaga **F**

Nýbygging kjallari 870 m²
Nýbygging 1.hæð 615 m²
Nýbygging 2.hæð 466 m²
Nýbygging alls 1960 m² brúttó




STARFSMENN OG REKSTUR
SKAUTAFÉLAGIÐ
ALMENNINGUR - ÞJÓNUSTA
FLÆÐI - GÖNGULEIÐIR

FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Grunnmynd 2.hæðar

Tillaga **F**

Nýbygging kjallari 870 m²
Nýbygging 1.hæð 615 m²
Nýbygging 2.hæð 466 m²
Nýbygging alls 1960 m² brúttó





- STARFSMENN OG REKSTUR
- SKAUTAFÉLAGIÐ
- ALMENNINGUR - ÞJÓNUSTA
- FLÆÐI - GÖNGULEIÐIR
- OPÞIÐ UPP

FRAMTÍDARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Grunnmynd kjallara

Tillaga **F**

Nýbygging kjallari 870 m²
Nýbygging 1.hæð 615 m²
Nýbygging 2.hæð 466 m²
Nýbygging alls 1960 m² brúttó



- 1.HÆÐ YFIR
- SKAUTAFÉLAGIÐ
- FLÆÐI - GÖNGULEIÐIR

FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Horft yfir Skautahöllina að sunnan

TILLAGA **F**



FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Horft frá bílastæðum í átt að nýjum inngangi


TILLAGA **F**



FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Útisvell - skautaiðkun að vetrarlagi

TILLAGA **F**



FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Útisvell - tónleikar að sumarlagi

TILLAGA **F**



FRAMTÍÐARSÝN SKAUTAHALLARINNAR Í LAUGARDAL

Útisvell - barnskemmtun að sumarlagi

TILLAGA **F**

